

**Ed. 525. Frumvarp til laga [162. mál]**

um breyting á lögum nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

**1. gr. laganna orðist svo:**

Atvinnumálaráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

**2. gr.**

**2. gr. laganna orðist svo:**

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vетra. Útflutningur á fyrstu verðlauna kynbótahestum og kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi atvinnumálaráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, enda mæli sérstakar ástæður með slikum útflutningi.

Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlenden markað. Þó má leyfa útflutning á eldishrossum á þessu tímabili að fengnu samþyki og meðmælum þeirra aðila, er áður greinir.

**3. gr.**

a. 2. málsl. 3. gr. laganna falli niður.

b. Fyrir orðið „skoðunarmenn“ í upphafi 3. málsl. sömu lagagr. komi: dýralæknar.

**4. gr.**

Orðin „eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossautflutningi (sbr. 3. gr.)“ í 1. málsl. 4. gr. laganna falli niður.

**5. gr.**

Orðin „(eftirlitsmanni)“ og „glaseygð“ í 5. gr. laganna falli niður.

**6. gr.**

Orðið „(eftirlitsmanni)“ í 6. gr. laganna falli niður.

**7. gr.**

**8. gr. laganna orðist svo:**

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, yfir-dýralæknis og Dýraverndunarfélags Íslands, reglugerð um útflutning hrossa, þar sem nánar er tekið fram um útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, stærð þeirra og ganghraða, fóðurbirgðir, vatnsbirgðir, loftræstingu, hirðingu hrossa i skipinu og annað það, er málí skiptir fyrir öryggi og góða líðan hrossanna, meðan á flutningi stendur.

**8. gr.**

**9. gr. laganna orðist svo:**

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 2000—20000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn löggreglumál.

**9. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.